



SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR

Atvinnustefna
2017 - 2019



YFIRLIT

INNGANGUR

Ávarp	6
Ávarp oddvita	6
Upphafsorð	7
Atvinnustefna	7

STAÐA ATVINNULÍFS

Greining tækifæra	10
Forsagan	10
Staða atvinnulífs	12
Þættir greiningar	14
Innri þættir	14
Styrkleikar	14
Veikleikar	14
Ytri þættir	15
Ógnanir	15
Tækifæri	15


STEFNA OG FRAMTÍÐARSÝN

Hlutverk	18
Markmið	20
Menntun og rannsóknir	20
Menning og skapandi greinar	20
Iðnaður og landbúnaður	21
Verslun og þjónusta	21
Lýðheilsa og umhverfismál	21
Ferðaþjónusta	21
Aðgerðir	22
Eftirfylgni	22





INNGANGUR







Ávarp



Skafti Bjarnason
oddviti Skeiða- og
Gnúpverjahrepps

ÁVARP ODDVITA

Atvinnustefna Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2019 birtist í þessu plaggi. Eftir ýmsa króka og beygjur kemur hér faglega unnin stefna byggð á hugmyndum íbúa sett í form af atvinnumálanefnd.

Þetta er hófstíllt en þó framsækin atvinnustefna. Hún byggir á því sem við höfum gert, á styrkleikum okkar og jafnframt varpar hún ljósi á veikleika okkar. Þannig getum við bætt okkur.

Mikið er lagt upp úr mælanleika árangurs en það er forsenda þess að við getum gert okkur grein fyrir árangri. Margir hafa átt aðkomu að gerð atvinnustefnunnar en að öðrum ólöstuðum hefur atvinnumálanefnd, núverandi og fyrrverandi meðlimir, átt þar drýgstan hlut. Færi ég öllum bestu þakkir fyrir.

Upphafsorð

ATVINNUSTEFNA

Hér birtist stefna Skeiða- og Gnúpverjahrepps í atvinnumálum sem unnin var á fyrri hluta ársins 2017. Stefnan byggir á gögnum sem urðu til á vinnustofu sem haldin var á grundvelli samstarfs sveitarfélagsins og atvinnuþróunarviðs SASS í desember 2013. Jafnframt var horft til niðurstöðu hugmyndasmiðju Gjálpar, félags um atvinnuuppbyggingu við Þjórsá, sem haldin var í nóvember 2016.

Breytingar urðu á nefndarskipan í atvinnu- og samgöngunefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps í febrúar 2017. Tveir nýir nefndarmenn komu inn í stað annarra sem hættu störfum í nefndinni. Nýju nefndarmennirnir voru Bjarni H. Ásbjörnsson og Matthildur María Guðmundsdóttir. Áfram sat Björgvin Þór Harðarson. Bjarni var skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin hélt reglulega fundi fram undir vorið 2017 og er afrakstur þeirrar vinnu grunnurinn að atvinnustefnunni sem fer hér á eftir.

Stefnuna þarf að endurskoða árlega til þess að meta árangur markmiða, bæta við nýjum og taka út þau sem búið er að ná. Mælikvarða markmiðanna þarf að meta reglulega, skoða nákvæmi þeirra og endurstilla eftir þörfum.

ATVINNUSTEFNA VERÐUR TIL

SVÓT greining 2013
SVÓT greining 2016
Fundir atvinnu- og
samgöngunefndar 2017





STAÐA ATVINNULÍFS





Greining tækifæra

FORSAGAN

Skeiða- og Gnúpverjahreppur stofnaði til vinnustofu í desember 2013 þar sem valdir íbúar í sveitarfélaginu voru sérstaklega beðnir um að taka þátt. Vinnustofan var einnig auglýst opin öllum áhugasömum íbúum. Vinnustofan var skipulögð og framkvæmd í samstarfi við atvinnuþróunarsvið SASS.

Meðal annars var unnin greining á styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum sveitarfélagsins, svokölluð SVÓT greining, þar sem þátttakendur í vinnustofunni drógu upp þau atriði sem þeim fannst skipta mestu máli í hverjum þætti fyrir sig.

Gjálþ, félag um atvinnuuppbyggingu við Þjórsá, hélt hugmyndasmiðju í Þjórsárskóla þann 12. nóvember 2016 þar sem meginmarkmiðið var að hefja umræður um tækifæri til atvinnusköpunar við Þjórsá. Fundurinn var auglýstur og opinn fyrir áhugasama, ásamt félagsmönnum Gjálþar. Hann var unnin í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Íslenska ferðaklasann. Þátttakendur á þessum fundi voru að mestu leyti yngra fólk innan sveitarfélagsins sem og brottfluttir úr sveitarfélaginu. Á þessum fundi var unnin SVÓT greining á svipaðan hátt og í vinnustofunni árið 2013. Niðurstöður greiningarinnar voru á svipuðum nótum og niðurstaðan í fyrri greiningunni en þó var blæbrigðamunur á hvað varðar náttúru og afþreyingu.

Grunnurinn að atvinnustefnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps var lagður í þessum SVÓT greiningum. Með því að draga fram þætti sem hafa bein áhrif innan sveitarfélagsins var leitast eftir því að byggja undir styrkleika atvinnulífsins og draga úr veikleikum þess með því að setja fram markmið, skilgreina aðgerðir og ábyrgðaraðila ásamt því að búa til árangursmælikvarða sem hægt er að nota til þess að meta árangur af framgangi stefnunnar. Á sama hátt voru dregnir fram utanaðkomandi þættir sem hafa áhrif á atvinnumál í sveitarfélaginu. Með því að huga að þeim þáttum má búa í haginn fyrir aukin tækifæri í nánustu framtíð ásamt því að draga úr áhrifum frá utanaðkomandi ógnunum sem steðja að.





STAÐA ATVINNULÍFS


Atvinnulíf í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er fábreytt og byggist að mestu leyti á landbúnaði, iðnaði og störfum við leik og grunnskóla. Ferðapjónusta er vaxandi atvinnugrein en nýtur ekki til fulls aukningar í fjölda ferðamanna til landsins undanfarin misseri.

Nokkur hluti íbúanna sækir atvinnu utan sveitarfélagsins, enda er sveitarfélagið miðsvæðis á Suðurlandi og fjarlægð í næstu þéttbýli innan þeirra marka sem íbúar sætta sig við. Fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu er ekki meiri en svo að íbúar sækja vinnu þangað.

Samkvæmt ársreikningi Skeiða- og Gnúpverjahrepps námu tekjur A hluta sveitarsjóðs árið 2015 kr. 936 þúsundum á hvern íbúa. Í gögnum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga má sjá að meðaltekjur sveitarfélaga á Íslandi árið 2015 námu kr. 918 þúsund á hvern íbúa. Hæstu tekjur landsins á hvern íbúa námu tæpum 2,2 miljónum króna, en lægstu tekjur kr. 507 þúsund á hvern íbúa. Miðgildi tekna á hvern íbúa á landinu árið 2015 námu tæpum 923 þúsundum á hvern íbúa. Meðaltekjur sveitarfélagsins á hvern íbúa voru því í efri hluta tekjudreifingar þegar horft er yfir landið allt árið 2015. Tekjur A hluta sveitarsjóðs skiptast þannig að um 83% þeirra eru skatttekjur, en um 17% þeirra eru aðrar tekjur.

Á árinu 2016 voru tekjur A hluta sveitarsjóðs kr. 978 þúsund á hvern íbúa og höfðu hækkað um 4,5% frá árinu áður. Skatttekjur voru um 85% en 15% aðrar tekjur.

Samanburður meðaltekna A hluta sveitarsjóða







Þættir greiningar

INNRI ÞÆTTIR

Sammerkt með SVÓT greiningunum tveimur var að íbúar telja helstu styrkleika sveitarfélagsins vera hæfileg nálægð við höfuðborgarsvæðið ásamt því að það er miðsvæðis á Suðurlandi og tiltölulega stutt í helstu þéttbýlisstaði. Nálægð við náttúruperlur og hálendið var einnig talinn styrkur sem og að ljósleiðari hafi verið lagður á öll heimili í sveitarfélaginu. Góðir skólar og gjaldfrjáls leikskóli er talið til tekna ásamt því að landbúnaður stendur nokkuð traustum fótum.

Það sem helst skortir á og er talið til veikleika sveitarfélagsins er einsleitt samfélag íbúanna, óheppileg aldurssamsetning og tilfinnanlegur skortur á íbúðarhúsnæði. Samstaða meðal íbúa sveitarfélagsins þykir lítil og stutt í djúpstæðan hrepparíg. Skipulagsmál hafa þótt í ólestri og skortur á stefnufestu af hálfu sveitarstjórnar. Samgöngur innan sveitar teljast veikar og einsleitir vinnumarkaður heldur ekki ungu fólki innan sveitarfélagsins.



STYRKUR - VEIKLEIKI

Helsti styrkur sveitarfélagsins í atvinnumálum, að mati íbúa, liggur í eftirfarandi þáttum. Hér er lag að byggja undir styrkleikana og nýta þá til frekari atvinnuuppbyggingar.

STYRKLEIKAR

- Miðsvæðis á Suðurlandi
- Nálægð við höfuðborgarsvæðið
- Stutt upp á hálendið
- Fjölbreyttar náttúruperlur og ósnortin náttúra
- Afleidd störf í orkugeiranum
- Sterkur landbúnaður
- Þekking á lífrænni ræktun
- Góðar samgöngur að og frá sveitarfélaginu

Veikleikar sveitarfélagsins í atvinnumálum eru helst þessir að mati íbúa. Með því að vinna markvisst að því að draga úr þeim má byggja undir uppbyggingu og fjölgun íbúa.

VEIKLEIKAR

- Skortur á markaðssetningu
- Almenningsamgöngur
- Samgöngur innan sveitar
- Skortur á orku til uppbyggingar
- Skortur á íbúðarhúsnæði
- Smá og veikburða veitufyrirtæki
- Skortur á afþreyingu
- Erfið kynslóðaskipti í landbúnaði
- Láglaunasvæði

YTRI ÆTTIR

Margir utanaðkomandi þættir hafa áhrif á atvinnumál sem erfitt er að hafa bein áhrif á. En með því að koma auga á og nýta tækifærin og að sama skapi að búa í haginn til þess að mæta ógnunum er hægt að draga úr ógnunum og hagnýta tækifærin. Helstu ógnanirnar úr SVÓT greiningunum sem steðja að Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru að mjólkurkvóti verði seldur burt og það dragi úr búskap. Óheft jarðakaup með önnur markmið en að stunda búskap breyta starfsemi í frístunda og ferðamenskubú. Yfirvofandi virkjunarframkvæmdir geta takmarkað landnýtingu og óheftur aðgangur ferðamanna að viðkvæmum náttúruperlum geta spillt þeim. Breytingar á starfsskilyrðum í landbúnaði og kjörum bænda gæti ollið byggðaröskun.

Tækifærin á hinn bóginn geta falist í því að laða að íbúa sem vilja búa í dreifbýli með dýrahald og við jarðrækt, en geta stundað fjarvinnslu vegna góðra fjarskipta. Aukin fjölbreytni í landbúnaði og nýting landbúnaðarafurða styðja við atvinnuuppbyggingu. Aukin eftirspurn eftir lífrænt ræktuðum afurðum getur skapað tækifæri í ræktun. Aukin nýting orku sem framléidd er í sveitarfélaginu getur aukið fjölbreytni í atvinnulífi. Fjölgun ferðamanna ásamt náttúrufergud og sögu Þjórsárdals eru að mestu ónýtt tækifæri.



ÓGN - TÆKIFÆRI

Íbúum þykir mesta ógnin í atvinnumálum stafa frá þessum þáttum. Það er erfitt að hafa bein áhrif á þessar ógnir, en með því að þekkja til þeirra má byggja upp varnir.

ÓGNANIR

- Kaup aðila á bújörðum sem ætla ekki að stunda búskap
- Yfirvofandi virkjunarframkvæmdir
- Hátt verð á mjólkurkvóta
- Fjöldi ferðamanna á viðkvæma staði
- Náttúruvá
- Fjárvana vegagerð
- Skert pósthjónusta
- Sveitarfélögin i kring hafa meira aðdráttarafi
- Skipulagsmál

Fjölmörg tækifæri í atvinnumálum má finna að mati íbúa. Með því að grípa tækifærin og búa í haginn má byggja upp fjölbreyttara atvinnulíf.

TÆKIFÆRI

- Aukin fjölbreytni í landbúnaði
- Fjarvinnsla
- Aukin nýting landbúnaðarafurða
- Fleiri iðnaðarlóðir
- Flæði ferðamanna í gegnum sveitarfélagið
- Saga Þjórsárdals
- Aukin afþreying
- Smáiðnaður, lítill stóriðja
- Veitingastaðir – kaffihús
- Beint frá býli
- Lífræn ræktun
- Eftirspurn eftir kyrrð
- Nýsköpun og vöruþróun í landbúnaði
- Þjórsá





STEFNA OG FRAMTÍÐARSÝN





Hlutverk

STEFNA OG FRAMTÍÐARSÝN

Stefna og framtíðarsýn Skeiða- og Gnúpverjahrepps í atvinnumálum er dregin upp hér, að undangenginni vinnustofu og hugmyndasmiðju af hálfu íbúa sveitarfélagsins. Atvinnu- og samgöngunefnd lagði lokahönd á stefnuna.

AÐGERÐIR

Unnið verður að nauðsynlegum verkefnum til þess að ná fram nýsköpun og þróun í sex atvinnumálaflokkum: Menntun og rannsóknum, menningu og skapandi greinum, iðnaði og landbúnaði, verslun og þjónustu, lýðheilsu og umhverfismálum ásamt ferðaþjónustu.

FRAMTÍÐARSÝN

Draga skal að öfluga atvinnustarfsemi sem styrkir íbúa sveitarfélagsins. Nýta skal náttúrulegar auðlindir á sjálfbæran hátt sem byggir undir kröftugt atvinnulíf og blómlegt samfélag

HLUTVERK ATVINNUSTEFNU

Hlutverk atvinnustefnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps er að skapa sterkt atvinnulíf í sveitarfélaginu í sex atvinnumálaflokkum. Atvinnustefnan dregur fram styrkleika og tækifæri í atvinnumálum auk þess að búa í haginn til að mæta ógnunum og vinna á veikleikum.


Skeiða- og Gnúpverjahreppur



**STOPPU
STUÐ**



RÁHLEDSL
FYRIR BÓLINN

orkusalan 





Markmið

ATVINNUMÁLAFLOKKAR

Atvinnu- og samgöngunefnd hefur skipt vinnu sinni við mótun atvinnustefnu í sex flokka. Atvinnustefnan tekur mið af SVÓT greiningum sem gerðar voru í sveitarfélaginu í desember 2013 og nóvember 2016. Hún byggir undir styrkleika sveitarfélagsins, dregur úr veikleikum þess, er tilbúinn að taka á móti tækifærum og undirbýr það að vinna á ógnunum.

Atvinnuflokkarnir sex eru; Menntun og rannsóknir, Menning og skapandi greinar, Iðnaður og landbúnaður, Verslun og þjónusta, Lýðheilsa og umhverfismál og Ferðabjónusta.

Í hverjum flokki eru dregin fram markmið, aðgerðir til þess að ná þeim, ábyrgðaraðilar aðgerða og að lokum settir fram mælikvarðar til þess að mæla árangur af framkvæmd markmiðanna.



MENNTUN OG RANNSÓKNIR

Samstarf Skeiða- og Gnúpverjahrepps við háskóla og framhaldskóla verði öflugt. Sveitarfélagið býður fram lokaverkefni sem verði unnin í sveitarfélaginu.

MARKMIÐ

1. Að koma á samstarfi við mennta- og menningarsamfélag.



MENNING OG SKAPANDI GREINAR

Skeiða- og Gnúpverjahreppur stuðlar að því að efla samstarf íbúa í menningu og skapandi greinum. Hvatt verður til þess að tengja saman skapandi greinar og menningarviðburði.

MARKMIÐ

1. Að nýta skógarafurðir sem efni til hönnunar og arkitektúrs.
2. Að skapa umgjörð fyrir listamenn og frumkvöla.



IÐNAÐUR OG LANDBÚNAÐUR

Þekking og reynsla fyrirtækja í Skeiða- og Gnúpverjahreppi verði nýtt til að þróa leiðir sem auka virði afurða og auka framleiðni fyrirtækja. Haldið verður í öflugan landbúnað og samkeppnishæfi hans aukin.



VERSLUN OG ÞJÓNUSTA

Skeiða- og Gnúpverjahreppur stuðlar að aukinni verslun og þjónustu í heimabyggð.



LÝÐHEILSA OG UMHVERFISMÁL

Skeiða- og Gnúpverjahreppur eykur virkni íbúa í lýðheilsu og umhverfismálum.



FERÐAÞJÓNUSTA

Skeiða- og Gnúpverjahreppur stuðlar að því að ferðaþjónusta verði öflug atvinnugrein í sveitarfélaginu. Unnið verði að því að auka umferð ferðamanna og að dreifa álagi yfir árið.

MARKMIÐ

1. Takmarka uppskiptingu landbúnaðarlands.
2. Skipuleggja iðnaðarsvæði fyrir stór- og smáiðnað.
3. Kortleggja gæði og notkun lands, jafnvel í samstarfi við háskóla og bjóða fram sem lokaverkefni nemenda.
4. Tryggja stöðugar samgöngur og bæta úr annmörkum vegakerfisins.
5. Lágmarka kolefnisspor íbúa vegna verslunar og þjónustu.
6. Bæta aðstöðu og stuðning til nýsköpunar og atvinnuþróunar.
7. Vinna að orkuskiptum í landbúnaði og samgöngum.
8. Flokkun á úrgangi verði framkvæmd á öllum heimilum og í öllum fyrirtækjum í sveitarfélaginu.

MARKMIÐ

1. Stuðla að aukinni verslun í heimabyggð og minnka kolefnisspor vegna þessa.
2. Setja upp sameiginlega afgreiðslustöð netverslana, tengdri listasmiðju.
3. Kanna þarfir og óskir íbúa í sveitarfélaginu varðandi atvinnuþætti.
4. Auka ferðamannaverslun í sveitarfélaginu.

MARKMIÐ

1. Þjósárskóli verði heilsueflandi skóli.
2. Auka aðgengi íbúa að íþróttamannvirkjum.
3. Nýta umhverfið til afþreyingar á heilsueflandi hátt.

MARKMIÐ

1. Þjósárdalur verði einn helsti segull í ferðaþjónustu í sveitarfélaginu.
2. Sjá til þess að hægt verði að auka við afþreyingu ferðamanna í sveitarfélaginu.





Aðgerðir

Eftirfylgni

Gert verður ráð fyrir því að ábyrgðaraðilar hvers markmiðs fyrir sig muni fylgjast með framvindu þeirra og mæla árangur á tilteknum tímum. Heildarskoðun markmiðanna og árangursmælikvarðanna fer svo fram í tengslum við haustfundi sem haldnir eru reglulega af sveitarstjórn þar sem atvinnustefnan er endurskoðuð, uppfærð og lagfærð.

MENNTUN OG RANNSÓKNIR

	AÐGERÐIR	EFTIRFYLGNI - ÁBYRGÐ
MARKMIÐ Að koma á samstarfi við mennta- og menningarsamfélag.	1. Mynda tengsl við menntastofnanir og listaháskóla, háskóla, kvikmyndskóla, framhaldsskóla og aðrar menntastofnanir.	Sveitarstjórn
	2. Þjóða fram hugmyndir að lokaverkefnum, unnin í sveitarfélaginu eða tengd því.	Sveitarstjórn
	3. Að koma á samstarfi við LBHÍ í landslagsarkitektúr og umhverfisskipulagi.	Sveitarstjórn, menningarnefnd



MENNING OG SKAPANDI GREINAR

MARKMIÐ

Að nýta skógarafurðir sem efni til hönnunar og arkitektúrs.

AÐGERÐIR

1. Koma á samstarfi Þjórsárskóla og Skógræktar ríkisins. Halda námskeið í nýtingu skógarafurða.

EFTIRFYLGNI - ÁBYRGÐ

Skógrækt ríkisins, skólanefnd, Þjórsárskóli

MARKMIÐ

Að skapa umgjörð fyrir listamenn og frumkvöðla.

AÐGERÐIR

1. Koma upp listasmiðju/galleríi eða vinnustofu þar sem sala á listmunum og handverki getur átt sér stað.
2. Laða að innlenda og erlenda listamenn til listsköpunar og miðlunar þekkingar.
3. Koma á listasmiðju/galleríi á Uppsprettnunni og á Landsnámsdeginum.

EFTIRFYLGNI - ÁBYRGÐ

Sveitarstjórn

Sveitarstjórn

Menningar og æskulýðsnefnd





IÐNAÐUR OG LANDBÚNAÐUR

	AÐGERÐ	EFTIRFYLGNI - ÁBYRGÐ
MARKMIÐ Takmarka uppskiptingu landbúnaðarlands.	<ol style="list-style-type: none">1. Setja skorður í aðalskipulag sem kemur í veg fyrir að frjósamt landbúnaðarland verði nýtt undir aðra starfsemi.	Sveitarstjórn
MARKMIÐ Skipuleggja iðnaðarsvæði fyrir stór- og smáiðnað.	<ol style="list-style-type: none">1. Skipuleggja lóðir undir smáiðnað sem og stóriðnað. Tryggja aðgang að lóðum, rafmagni, ljósleiðara, aðveitu og fráveitu.	Sveitarstjórn
MARKMIÐ Kortleggja gæði og notkun lands jafnvel í samstarfi við háskóla og bjóða fram sem lokaverkefni nemenda.	<ol style="list-style-type: none">1. Kortleggja gæði og notkun lands í samstarfi við menntastofnanir, Landgræðslu ríkisins og Náttúrufræðistofnun. Lokaverkefni. Skoða möguleika á sjálfbærri nýtingu lands.	Sveitarstjórn
MARKMIÐ Tryggja stöðugar samgöngur og bæta úr annmörkum vegakerfisins.	<ol style="list-style-type: none">1. Halda stöðufund um samgöngur og vegakerfi með Vegagerðinni og ráðamönnum.	Atvinnu- og samgöngunefnd

	AÐGERÐ	EFTIRFYLGNI - ÁBYRGÐ
<p>MARKMIÐ</p> <p>Lágmarka kolefnisspor íbúa vegna verslunar og þjónustu.</p>	<p>1. Kynna verslun og þjónustu í heimabyggð með áherslu á lágmörkun kolefnisspora. Draga fram kolefnisspor innfluttra og innlendra vörflokka.</p>	<p>Atvinnu- og samgöngunefnd, umhverfisnefnd</p>

	AÐGERÐ	EFTIRFYLGNI - ÁBYRGÐ
<p>MARKMIÐ</p> <p>Bæta aðstöðu og stuðning til nýsköpunar og atvinnuþróunar.</p>	<p>1. Koma upp aðstöðu og stuðningi til nýsköpunar og atvinnuþróunar. Birta upplýsingar á vefsvæði sveitarfélagsins um málefnið.</p>	<p>Atvinnu- og samgöngunefnd</p>

	AÐGERÐ	EFTIRFYLGNI - ÁBYRGÐ
<p>MARKMIÐ</p> <p>Vinna að orkuskiptum í landbúnaði og samgöngum.</p>	<p>1. Auka notkun á endurnýjanlegum orkugjöfum úr lífrænum úrgangi og orkuríkum jurtum. Stuðla að orkuskiptum yfir í endurnýjanlega orkugjafa</p>	<p>Atvinnu- og samgöngunefnd, umhverfisnefnd</p>
	<p>2. Fá kynningu um framleiðslu á lífdísel frá sérfræðingum um málefnið.</p>	<p>Atvinnu- og samgöngunefnd, umhverfisnefnd</p>

	AÐGERÐ	EFTIRFYLGNI - ÁBYRGÐ
<p>MARKMIÐ</p> <p>Flokkun á úrgangi verði framkvæmd á öllum heimilum og í öllum fyrirtækjum í sveitarfélaginu.</p>	<p>1. Fylgja því eftir að úrgangur sé flokkaður og að tunnur og ílát séu til staðar á heimilum og fyrirtækjum.</p>	<p>Umhverfisnefnd</p>
	<p>2. Setja sveitarfélaginu og íbúum þess umhverfisstefnu.</p>	<p>Umhverfisnefnd</p>





VERSLUN OG ÞJÓNUSTA

	AÐGERÐ	EFTIRFYLGNI - ÁBYRGÐ
MARKMIÐ Stuðla að aukinni verslun í heimabyggð og minnka kolefnisspor vegna þessa.	<ol style="list-style-type: none">1. Stuðla að aukinni netverslun með því að halda námskeið í netverslun og markaðssetningu.	Atvinnu- og samgöngunefnd
MARKMIÐ Setja upp sameiginlega afgreiðslustöð netverslana, tengdri listasmíðu.	<ol style="list-style-type: none">1. Setja upp sameiginlegan afgreiðslustað sem getur tengst listasmíðu þar sem vörur úr sveitarfélaginu sem keyptar eru á netinu eru sendar út. Einn lager margir framleiðendur.	Atvinnu- og samgöngunefnd
MARKMIÐ Kanna þarfir og óskir íbúa í sveitarfélaginu varðandi atvinnuþætti.	<ol style="list-style-type: none">1. Setja upp rafræna viðhorfskönnun.	Atvinnu- og samgöngunefnd
MARKMIÐ Auka ferðamannaverslun í sveitarfélaginu	<ol style="list-style-type: none">1. Setja upp markað – listasmíðu/gallerí á heppilegum stað.	Sveitarstjórn



LÝÐHEILSA OG UMHVERFISMÁL

	AÐGERÐ	EFTIRFYLGNI - ÁBYRGÐ
<p>MARKMIÐ</p> <p>Þjórskóli verði heilsueflandi skóli.</p>	<p>1. Þjórskóli verði í fararbroddi í heilsueflandi aðgerðum og vinni að því að samfélagið verði heilsueflandi.</p>	<p>Sveitarstjórn, skólanefnd og Þjórskóli</p>
<p>MARKMIÐ</p> <p>Auka aðgengi íbúa að íþróttamannvirkjum.</p>	<p>1. Heilsueflandi samfélag dregur að nýja íbúa og styður við áframhaldandi búsetu.</p>	<p>Sveitarstjórn, menningar- og æskulýðsnefnd</p>
<p>MARKMIÐ</p> <p>Nýta umhverfið til afþreyingar á heilsueflandi hátt.</p>	<p>1. Auka aðgengi að Þjórárdalsskógi, hálendi og fjöllum. Tryggja aðgengi íbúa að ferðamannastöðum – sveitapassi.</p>	<p>Umhverfisnefnd</p>





FERÐAÞJÓNUSTA

	AÐGERÐ	EFTIRFYLGNI - ÁBYRGÐ
MARKMIÐ Þjórsárdalur verði einn helsti segull í ferðaþjónustu í sveitarfélaginu.	1. Byggja upp sjálfbæra ferðamennsku í Þjórsárdal. Stýra aðgengi.	Sveitarstjórn

	AÐGERÐ	EFTIRFYLGNI - ÁBYRGÐ
MARKMIÐ Sjá til þess að hægt verði að auka við afþreyingu ferðamanna í sveitarfélaginu.	1. Hafa samband við Markaðsstofu Suðurlands um samstarf og markaðssetningu ferðaþjónustu í sveitarfélaginu.	Sveitarstjórn
	2. Réttirnar nýttar undir viðburði allt árið, dýr til að njóta.	Menningar- og æskulýðsnefnd





SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR

Árnesi
801, Selfoss
Sími 486 6100
skeidgnup@skeidgnup.is
www.skeidgnup.is